Aflaaukning smábáta í ýsu 11,1% umfram úthlutun

Veiddu 26% ýsuaflans

Krókaaflamarksbátar hafa verið drjúgir við veiðar á ýsu á undanförnum árum.

Samkvæmt upplýsingum frá Landssambandi smábátaeiganda var heildarafli ýsu á nýliðnu fiskveiðiári 37.618 tonn, þar af var afli krókabáta 9.867 tonn eða 26,2% hlutdeild aflans.



Ýsa veidd.

Úthlutun um 15%

Úthlutaður ýsuafli krókaaflamarksbáta fyrir fiskveiðiárið 2012/2013 var 15,1% af heildarúthlutun og hafa krókabátar því aukið hlut sinn í veiðinni um 11,1%. Það jafngildir aflaaukningu um rúm 70% frá því sem þeim var úthlutað samkvæmt hlutdeild. Af þeirri aukningu er 3.401 tonn leigt úr stóra kerfinu og 1.705 tonn koma vegna línuívilnunar. Athygli vekur að rúmlega þriðjungur ýsuafla smábáta á síðasta fiskveiðiári er leigður úr stóra kerfinu.

Hæsta hlutdeildin

Sé horft til hlutdeildar krókabáta undanfarin ár þá var hún 25,1% fiskveiðiárið 2011/2012 og 24,3% 2010/2011. Síðustu átta ár, eða frá fiskveiðiárinu 2005/2006, hefur afli krókabáta ávallt verið umfram hlutdeild þeirra, lægst 18% fiskveiðiárið 2007/2008 og hæst á nýliðnu fiskveiðiári 26,2%.

» vilmundur@fiskifrettir.is

Ýsuveiðar á íslandsmiðum

		KRÓKABÁTAR		
	Heildarafli	Ýsuafli	Hlutdeild	Úr aflamarki
2005/2006	98.810 tonn	20.717 tonn	21,0%	6.243 tonn
2006/2007	97.674 tonn	20.427 tonn	20,9%	6.301 tonn
2007/2008	105.823 tonn	19.069 tonn	18,0%	4.051 tonn
2008/2009	85.675 tonn	19.050 tonn	22,2%	4.186 tonn
2009/2010	65.240 tonn	14.548 tonn	22,3%	2.673 tonn
2010/2011	47.280 tonn	11.499 tonn	24,3%	3.490 tonn
2011/2012	46.530 tonn	11.674 tonn	25,1%	3.474 tonn
2012/2013	37.618 tonn	9.867 tonn	26,2%	3.401 tonn

HEIMILD: LANDSSAMBAND SMÁBÁTAEIGENDA.